

Með persónuhlífum til einkanota skulu fylgja nauðsynlegar upplýsingar, ritaðar á íslensku til þess að tryggja örugga notkun þeirra.

V. KAFLI
Gildistaka o.fl.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 27. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu.

Reglugerðin er sett með hliðsjón af ákvæðum samningsins um Evrópska efnahags-svæðið, sbr. tilskipun 89/686/EBE um samræmingu aðildarlandanna um persónuhlífar eins og henni var breytt með tilskipunum 93/95/EBE, 93/68/EBE og 96/58/EBE.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 29. september 1999.

Finnur Ingólfsson.

Borgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 247/1999, um einkennisbúninga, merki og búnað tollgæslunnar.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. gr. reglugerðarinnar:

- a. Á eftir orðunum „*Sérhæfður tollvörður*“ í 1. málsli. 6. mgr. kemur: *og flokkstjóri.*
- b. 2. málsli. 7. mgr. orðast svo: Á smeygum sem gerðir skulu úr svörtu efni skal vera þversum ein einkennisrönd 6 mm breið nær axlarbrún og önnur 3 mm breið nær kraga, ísaumaðar með gylltum tvinna.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Breyting samkvæmt a-lið 1. gr. skal þó ekki koma til framkvæmda fyrr en gefin hefur verið út reglugerð um starfsheiti tollvarða skv. 2. mgr. 31. gr. tollalaga.

Fjármálaráðuneytinu, 30. september 1999.

F. h. r.
Marianna Jónasdóttir.

Bergþór Magnússon.